


Félag Íslenskra náttúrufræðinga
Maríanna H. Helgadóttir
Borgartúni 6
105 Reykjavík

6. september 2007


Hækkanir vegna þróunar og styrkingar launakerfis náttúrufræðinga á LSH

Niðurstaða viðbótarfulltrúa í samstarfsnefnd Landspítala – Háskólasjúkrahúss og Félags íslenskra náttúrufræðinga vegna styrkingar og þróunar launakerfis var kynnt í bréfi til aðila í bréfi dags. 30. ágúst og síðan tekin til umfjöllunar á fundi þann 6. september 2007. Niðurstaða viðbótarfulltrúa var ekki samþykkt í samstarfsnefnd. Er það ákvörðun viðbótarfulltrúa að framangreind niðurstaða gildi sem úrskurður á grundvelli bókunar 4. með kjarasamningi milli fjármálaráðherra og Félags íslenskra náttúrufræðinga frá 18. mars 2005.

Ólafur Gunnarsson
Viðbótarfulltrúi LSH



Þorsteinn Sigurðsson
Viðbótarfulltrúi FÍN



Skrifstofur Landspítala – háskólasjúkrahúss
Oddur Gunnarsson
Eiríksgötu 5
101 Reykjavík

30. ágúst. 2007

Hækkanir vegna þróunar og styrkingar launakerfis náttúrufræðinga á LSH


Ekki náðist niðurstaða í samstarfsnefnd LSH og Félags íslenskra náttúrufræðinga um útfærslu á styrkingu og þróun launakerfis sem kveðið er á um í kjarasamningi milli fjármálaráðherra og Félags íslenskra náttúrufræðinga frá 18. mars 2005. Af þeim sökum var viðbótarfulltrúum í samstarfsnefnd falið að skera úr í ágreiningsmálum, í samræmi við bókun 4 í ofangreindum kjarasamningi. Svigrúm til hækkunar er 2% og miðast við 1. maí 2007.

Viðbótarfulltrúar munu leggja eftirfarandi niðurstöðu fram til kynningar í samstarfsnefnd Landspítala – Háskólasjúkrahúss og Félags íslenskra náttúrufræðinga.

Starfsmenn með starfsheiti tilgreind í töflu hækki eins og fram kemur í töflunni, önnur starfsheiti sem ekki eru tilgreind hækka ekki.

| | |
|--------------------|-------------------|
| Náttúrufræðingur 2 | Einn launaflokkur |
| Umsjónarmaður 1 | Einn launaflokkur |
| Umsjónarmaður 2 | Einn launaflokkur |
| Umsjónarmaður 3 | Einn launaflokkur |
| Verkefnastjóri 1 | Einn launaflokkur |
| Verkefnastjóri 2 | Einn launaflokkur |
| Forstöðumaður 1 | Einn launaflokkur |

Ólafur Gunnarsson
Viðbótarfulltrúi LSH



Þorsteinn Sigurðsson
Viðbótarfulltrúi FÍN

